

EFTIRLITSSKÝRSLA

KYNDISTÖÐ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Dagsetning	23. ágúst 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Orkuveita Reykjavíkur, Kyndistöð	Starfsleyfi, gildir til	1. nóvember 2020
Heimilisfang	Bæjarhálsi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551298-3029	Fulltrúar fyrirtækis	Páll B. Sveinsson
Isat nr.	40.30.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 07,180 V21 47,910
Starfsemi	Hitaveitur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á að setjast yfir gögn kyndistöðvarinnar á skrifstofu. Páll Baldvin er nýr tengiliður Orkuveitu Reykjavíkur (OR) vegna kyndistöðvar á Bæjarhálsi 1. OR notar miðlægt DDM viðhaldskerfi, sem gefur út viðhalds- og eftirlitsverkefni í samræmi við umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins. Katlar 1 og 2 voru kynntir upp í 10 bar í janúar sl., látnir blása út handvirkt með öryggislokum. Gert var við öryggisloka á katli 1 sem stóð fastur.

Umhverfisstjórnunarkerfi OR hefur fengið ISO 14001 vottun. Farið var yfir úrgangsmál í stöðinni og búnað sem notaður er til mengunarvarna. Í starfsleyfi eru kröfur um olíuskiljur í frárennsli stöðvarinnar og ísogsefni til hreinsunar á minni óhöppum með olíu, í og við kyndistöðina. Allar skráningar fara í viðhaldskerfið, en afrit er geymt á skrifstofu. Dagbók stöðvarinnar og skráningarblað yfir efnanotkun var skoðað. Súlfít er notað á katla til tæringarvarna. Aðstaða til vigtunar og blöndunar á súlfít er á gólfi í ketilhúsi 1, nálægt neyðarsturtu og augnskolunartæki.

Í stöðinni er einn olíugeymir í notkun, undir skipagasolíu (marine diesel). Geymir og lagnir voru skoðuð. Geymir er tvöfaldur og lagnir einnig (lögn í lögn). Allur búnaður er ofanjarðar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Viðbragðsáætlun.

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 4.3, er um viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Gera þarf viðbragðsáætlun sem hæfir kyndistöðinni verði hún rekin áfram.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir eru gerðar við kyndistöðina.

Önnur mál:

Fram hefur komið í samskiptum við fulltrúa OR að fyrirhugað er að loka Kyndistöð OR á Bæjarhálsi 1 og skila inn starfsleyfinu. Tæma þarf stöðina af mengandi og hættulegum efnum og hreinsa olíuskiljur í fráveitu stöðvarinnar. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og lokunar þarf að liggja fyrir áður en hafist er handa.

Reykjavík, 26/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.